

Ártúnsskóli

Heilsueflandi grunnskóli

Skýrsla vor 2021

Skólaárið 2020 – 2021 var tíunda starfsár Ártúnsskóla sem Heilsueflandi grunnskóli, en Ártúnsskóli varð formlega þátttakandi í verkefninu árið 2010.

Verkefnastjóri verkefnisins er Hanna Sóley Helgadóttir, íþróttافرæðingur. Hún tók við haustið 2020 eftir gott starf Ernu Matthíasardóttur.

Skólaárið einkenndist af heimsfaraldrinum Covid – 19, ekki var hægt að halda ýmsa viðburði því nemendur og starfsfólk mátti ekki koma öll saman. Náðist þó að gera margt sem var á áætlun og bæta í á sumum sviðum.

Helstu verkefni sem voru þetta skólaárið:

- Ólympíuhlaup ÍSÍ var haldið 16. september og fengu öll börn að fara eins marga hringi og þau vildu, hingað til hefur 1. bekkur mátt fara einn hring en þau máttu fara fleiri hringi núna og gekk það ótrúlega vel.
- Íþróttadagurinn var haldin sama dag, 16. september, í stöðva fyrirkomulagi. Börnin fengu að flæða um frjálst á milli stöðva, börnin fengu stimpilkort sem á stóð hvaða stöðvar voru í boði og þegar þau voru búin að fara á stöð gaf starfsmaður stimpil. Þetta fyrirkomulag var ótrúlega skemmtilegt og vakti mikla lukku hjá börnunum. Stöðvarnar sem í boði voru: jóga, skotbotli, teygjur og slökun, tré og náttúran, drykkir og snarl og þrautahringur.
- Tekið var þátt í göngum í skólann 2. september til 7. október. Í þetta sinn var mikið fjallað um öruggar leiðir í skólann, hvaða leið er öruggust og best frá heimilum barnanna í skólann og heim aftur. Sendir voru tölvupóstar á foreldra þar sem meðal annars var minnt á mikilvægi endurskinsmerkja.



- Fullveldishátíðin á skólaárinu var með þemað tónlist þá og nú. Æfð voru þrjú lög í tónmennt, lögin voru Esjan, Tunglið tunglið taktu mig og lítill fugl. 1. desember fóru allir starfsmenn og nemendur saman út og sungið var saman á skólalóðinni.
- Gengið var á Úlfarsfell 21. apríl. Allir starfsmenn skólans, nemendur og elstu börnin á leikskólanum fóru í þessa ótrúlega skemmtilegu og vel heppnuðu göngu. Sendur var út tölvupóstur með leiðbeiningum um að hafa með hollt og gott nesti í svona göngu auk þess sem farið var út í mikilvægi vatns og klæðnaðar í gönguferðum. Allir voru ótrúlega ánægðir með þennan dag og má þá sérstaklega nefna hvað skólastjórinn var ánægð með sitt fólk og nemendur. Þessi ganga verður árlegur viðburður hér eftir.
- Vettvangsferðir bekkja voru í maí og júní. Heppnaðist það mjög vel og almenn ánægja með göngurnar.
- Fótboltamót FUÁ var haldið að venju og voru veitt verðlaun fyrir fyrsta og annað sætið en einnig fékk þriðjasta liðið verðlaun.
- Vinaliðar héldu áfram að vera með leiki í frímínútum þegar blöndun nemenda var leyfð á skólaárinu.
- Gönguhópur starfsmanna var á sínum stað þó ekki náðist að fara í eins margar göngur og skipulag gerði ráð fyrir. Gönguhópurinn heldur áfram á næsta skólaári og stefnir áfram á að fara á gönguskíði þegar það verður hægt.
- Frísk sem fyrr er facebook síða sem var stofnuð og er hún ætluð því starfsfólki sem hefur hætt störfum hjá Ártúnsskóla t.d. vegna aldurs. Þessi hópur ætlar að hittast einu sinni í mánuði, ganga smá og oftast enda með kaffi og léttu spjalli. Mikil ánægja er að haldið sé áfram utan um þennan mikilvæga hóp.

Stefnum ótrauð áfram á gott starf sem Heilsuefland grunnskóli skólaárið 2021 – 2022. Mikil tilhlökkun er í starfsfólki að takast á við „hefðbundið“ skólaár.